



Lagning rafskúta í borgarlandi. Ragnar Þór Þrastarson. VSÓ ráðgjöf ehf. – október 2022.

Ágrip skýrsluhöfundar:

Fjöldi rafskúta í útleigu á Höfuðborgarsvæðinu hefur tvöfaldast undanfarið ár og eru því nú að nálgast 4.000 eintök, þá hafa leigurafskúturnar einnig dreift sér til minni bæja víðsvegar um land. Með þessum mikla fjölda rafskúta hefur borist til tals að frágangur rafskúta sé ekki alltaf með besta móti og finna sjóndaprir og hreyfihamlaðir sérstaklega fyrir því að rafskútur hindri för þeirra. 14 af 18 aðspurðum meðlimum FESRI (e. Forum of European Road Safety Research Institutes) telja að lagning rafskúta væri mikið eða mjög mikið vandamál í þeirra heimalandi, í norskri rannsókn var þó sýnt fram á flestir notendur rafskúta skilji þær eftir standandi og eru það aðrir vegfarendur sem eiga það til að færa rafskútur og leggja þær niður. Í rannsókn á vegum Lime (rafskútuleiga) kemur fram að stór hluti illa lagðra rafskúta megi rekja til þess að reglur hvað varðar frágang rafskúta séu illa skilgreindar, sem og vanþekking notandans.

Þó hefur bandarísk rannsókn sýnt fram á að rafskútur séu ekki helstu farartækin sem hindra aðgengi virkra vegfarenda, en þar voru skoðaðar 5 borgir þar sem rafskútur eru leyfðar, í öllum þeirra voru það ökutæki sem hindruðu aðgengi um gönguleiðir, þá var einnig bent á í þeirri skýrslu að önnur götugögn, s.s. símastaurar og auglýsingaskilti hindruðu einnig aðgengi um gönguleiðir.

Lönd og borgir innan þeirra hafa sett upp ólíkar leiðir til að komast hjá illa lögðum rafskútum og eru reglur milli borga oft í mótsögn hvor við aðra, til að mynda hvort megi leggja rafskútum á grænum svæðum eða ekki. Fjöl margar borgir hafa farið þá leið að einungis megi leggja rafskútum á þar til gerðum skútustæðum (afmörkuðum svæðum til að leggja rafskútum), eru skútustæðin af ýmsum stærðum og gerðum. Til að mynda hefur París farið þá leið að frátaka bílastæði undir skútustæði og dreifa þeim yfir alla borginna. Þá hefur þeim skútustæðum í París verið forgangsraðað í kringum gangbrautir og gatnamót til að auka yfirsýn allra vegfarenda. Í Kaupmannahöfn hefur rafskútum verið úthlutað svæði á borgarlandi þar sem leggja má leigurafskútum, borgin ákvað að úthluta engu svæði fyrir rafskútur í stórum hluta miðbæjarins.

Önnur lönd hafa farið aðra leið en að tilgreina ákveðin skútustæði, í Noregi má t.d. leggja rafskútum hvar sem er svo lengi sem hún hindrar ekki aðgengi annara. En komi til þess að rafskúta hindri aðgengi er hægt að sekta eiganda rafskúturnar um 12.500 krónur.

Ítarleg rannsókn sem var gerð í samvinnu Stokkhólms og Voi (rafskútuleiga) á virkni skútustæða (í einkennislitum Voi) sýnir að notendur rafskúta frá Voi noti í 67% tilvika skútustæði þegar ekki er boðið upp á afslátt og að sé boðinn afsláttur á ferð við að nota skútustæði eykst hlutfallið í 100% (á við þegar pláss er í skútustæði). Hlutfall rafskútunotenda annara rafskútuleiga notuðu þessi skútustæði aðeins í um 4% tilvika. Rannsóknin sýnir einnig að 80% rafskúta er lagt á þann veg að þau hindri ekki aðgengi annara vegfarenda, þegar skútustæði séu í boði. Tvö rafskútufyrirtæki í Stokkhólmi hafa farið þá leið, í samráði við borgaryfirvöld í Stokkhólmi, að búa til og dreift sérlegum skútustæðum um borginna.



Til að standa straum á kostnaði sveitarfélaganna vegna rafskútanna hafa fjölmargar borgir farið þá leið að rukka leigufyrirtækin annaðhvort fyrir hverja ferð sem er farin á rafskútu (u.þ.b. 14 kr per ferð), eða fyrir hverja rafskútu sem er í boði í sveitarfélaginu (7.000 – 19.000 kr á hverja rafskútu á ári).